
304. Steinunn Þóra Árnadóttir (Indlæg)

Forseti. Þessi tillaga tekur á mikilvægu máli sem snýr að kúgun og þá ekki síst kúgun kvenna. Ég styð alla hluta hennar og vil byrja á að taka fram að ég er afar ánægð með þá breytingu sem Maria Stockhaus talaði fyrir hér áðan og tel hana bæta tillöguna. Ég sagði það, held ég, þegar fyrst var talað fyrir henni, að mér finnst skilgreiningin samt dálítið þröng því að hún tekur ekki á heimilisofbeldi sem fólk er beitt af maka sem tilheyra meirihlutasamfélaginu sem það býr í. Komið er inn á það í greinargerðinni, í bakgrunninum, í nefndaráliti tillögunnar þar sem m.a. er vísað í Istanbul-samninginn, en þar er einmitt talað um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi. Konur af erlendum uppruna, sem sögðu sögu sína í metoo-byltingunni á Íslandi, sögðu hræðilegar sögur af heimilisofbeldi sem þær hafa verið beittar af íslenskum maka. Um leið og ég fagna því að við tökum á þessari tegund af ofbeldi vil ég líka segja að við verðum að gera meira því að það á ekki að líðast að nein tegund af ofbeldi sé notuð gegn fólki í neinu samhengi. Það hlýtur að vera það sem við viljum jú öll líka standa fyrir.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president. Det här förslaget rör en viktig fråga som har att göra med förtryck och inte minst kvinnoförtryck. Jag ställer mig bakom alla delar av förslaget och vill börja med att uttrycka min belåtenhet med det ändringsförslag som Maria Stockhaus presenterade för en stund sen och som gör förslaget bättre enligt min mening. Jag nämnde, tror jag, när förslaget presenterades att definitionen verkar lite trång, eftersom den inte omfattar den typen av våld i hemmet som människor utsätts för från en partner som tillhör majoriteten i det samhälle där de bor. Detta behandlas i

redogörelsen, bakgrundsinformationen, i utskottsbetänkandet där man bland annat hänvisar till Istanbulkonventionen, som ju handlar om förebyggande och bekämpning av våld mot kvinnor och våld i hemmet. Kvinnor med utländsk bakgrund som berättade om sina erfarenheter under metoo-revolutionen på Island hade varit utsatta för fruktansvärda övergrepp från sina isländska partner. Samtidigt som jag välkomnar att vi bekämpar denna typ av våld vill jag också säga att vi måste göra mer, eftersom vi inte får finna oss i att människor utsätts för någon typ av kränkning i något sammanhang. Det är utan tvekan det som vi alla vill kämpa för.

Information

Talnummer

304

Type

Indlæg

Person

[Steinunn Þóra Árnadóttir](#)

Talerrolle

Nordisk Grønt Venstres talsperson

Dato

30.10.19 17:57